



# Lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra

Pórunnarstræti 138, 600 Akureyri, kt: 670814-0410. Sími:444-2800.

Til nefndarsviðs Alþingis

Sent rafrænt á: [nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)

Akureyri, 2. maí 2017.

## Efni: Umsögn Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018 -2022, 402. mál.

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis 26. apríl sl. sem embættinu var send til umsagnar. Umsögnin tekur einungis til þess er varðar embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Eins og fram kemur í þingsályktuninni er gert ráð fyrir að strax á næsta ári 2018 verði 2% veltutengt aðald á löggæslu og síðan muni það lækka í 1,5 % og verða óbreytt út tímabilið. Embættið hefur fengið auknar fjárheimildir síðustu ár. Hafa þær gert embættinu kleift að koma í veg fyrir frekari fækkun lögreglumanna og fjölgað varanlega um tvö stöðugildi á Húsavík.

Samkvæmt fjármálaáætlun mun boðuð aðhaldskrafa leiða til fækkunar lögreglumanna strax á næsta ári um einn lögreglumann og næstu fjögur ár um 4 lögreglumenn. Samtals á þessu tímabili mun embættið þurfa að fækka um 5 lögreglumenn. Í ár er gert ráð fyrir að laun séu rúmlega 80 % af heildarfjárveitingu til embættisins, þá er eftir allur annar rekstur svo sem bifreiðar og húsnæði. Þannig að ekki er af neinu öðru að taka en launum.

Hér á Norðurlandi eystra eru lögreglumenn enn einir á vakt sem er algjörlega óásættanlegt. Mikið álag hefur verið á þeim sem eru á vakt og vinna við rannsóknir vegna þess hve fáliðað er. Vegna þessa vinnuumhverfis er öryggi margra þeirra ábótavant og hættara við slysum og veikindi of tíð. Þennan veruleika hafa rannsóknir hjá Vinnueftirliti ríkisins stutt. Á sama tíma er margar áskoranir sem við stöndum frammi fyrir s.s. fjölgun ferðamanna, erlent vinnuafl, landamæraeftirlit, meiri krafa um þjálfun og viðbúnað og meiri hraða í rannsóknum. Þessi verkefni verða ekki unnin nema með fjölgun lögreglumanna.

Þannig er ljóst að Lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra mun ekki ná þeim markmiðum og aðgerðum sem fram koma í fjármálaáætluninni ef fjármögun þeirra liggur ekki fyrir.

Lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra

Halla Bergþóra Björnsdóttir